

Ed.

345. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr í, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra. Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyrir en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyrir en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að veita honum aðstoð til að kjósa. Skal þessa getið í fylgibrjefnu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—2. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.